



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Unalækjar á Völlum, Múlaþingi

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/6

Forsíðumynd: Horft til suð austurs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Ágrip af sögu Ketilsstaða/Unalækjar	5
Fornleifaskrá	6
Samantekt.....	9
Hættumat.....	9
Heimildaskrá	11

Inngangur

Að beiðni Sólmundar Oddssonar, f.h. Unalækjar ehf, var gerð fornleifaskráning á deiliskipulagssvæði í landi Unalækjar á Völlum. Um er að ræða um 80ha svæði fyrir blandaða íbúða- og frístundabyggð austan þjóðveggar um 200m sunnan Unalækjar. Yfirlitsteikning af svæðinu er aftast í skýrslu. Við skýrslugerðina var stuðst við útmörk deiliskipulagssvæðisins skv. gögnum frá Eflu. Lega mannvirkja lá þó ekki fyrir og því eru allar minjar metnar í hættu í skýrslunni. Sé tillit tekið til minja við skipulagsgerð breytist hættumatið. Ein fornleifaskráning¹ hefur farið fram á hluta svæðis en engar fornleifar fundust þá. Vettvangsferð var farin 2. maí 2023. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif.

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Sólmundur Oddsson frá Unalæk, honum eru færðar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3014

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

¹ Rannveig Þórhallsdóttir, 2022.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra. Þar sem minjarnar voru áður í landi Ketilsstaða og tilheyrðu þeirri jörð, er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 3014. Við þetta bætist svo hlaupandi númer. Mógröf sem liggur að hluta innan skipulagssvæðis fær t.d. númerið Ketilsstaðir 3014-001.

Reynt er að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu vegna framkvæmda tengdum íbúðabygð.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með Trimble Geo 7XH sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna aftast í skýrslu auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, er gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru fengnar af vef Esri.

Ágrip af sögu Ketilsstaða/Unalækjar

Deiliskipulagssvæðið liggur í núverandi landi Unalækjar á Völlum en Unalækur er nýbýli úr landi Ketilsstaða, stofnað 1955. Ketilsstaða er fyrst getið í Landnámu og var býlið alla tíð í einkaeigu. Jörðin var landmikil og kostagóð og þar sátu löngum sýslumenn.³ Í jarðatali frá 1847 eru Ketilsstaðir metnir á 40 hundruð en 18 hundruð í þremur hjáleigum, Útnyrðingsstöðum, Kelduhólum og Hallberuhúsum.⁴ Ein hjáleiga til viðbótar er nefnd í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar (bls. 2) þar sem segir: „Í því [Ketilsstaðatúni] voru hjáleigur, yzt í túni var Hjáleiga, þar hafði verið búið. Fremst í túni voru Hallberuhús. Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 2) eru einnig nefndar tvær hjáleigur í túni; Hraukur og Steinagerði. Svæðið sem skráð var liggur fast norðan túna á Ketilsstöðum en eina fornleifin sem þar er nefnd í örnefnaskrá er Unastekkur.

³ Sveitir og jarðir, 2. bindi, bls. 176.

⁴ Jarðatal Johnsen, 1847, bls. 370.



Mynd 1. Horft til norðurs yfir mógröf. Fast ofan mógrafarinnar, skammt sunnan vegar, er mótóft.

Fornleifaskrá

Ketilsstaðir 3014-001

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í norðaustur horni deiliskipulagssvæðisins, 20m suður af heimreið að Útnyrðingsstöðum er mógröf í svokallaðri Skarðásmýri.

Lýsing

Gröfin er um 70m á lengd og allt að 33m að breidd. Hún liggur NV-SA. Einungis um 10m af NV enda hennar er innan útmarka skipulagssvæðisins.

Aðrar upplýsingar

Mótóft [3014-002] liggur skammt frá bakka grafarinnar í NV horni hennar.



Mynd 2. Yfirlitsteikning af útmörkum mógrafar [3014-001] og mótóftar [3014-002] norðan hennar. Rauða línan sýnir útmörk skipulagssvæðisins.

Ketilsstaðir 3014-002

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðaustur horni deiliskipulagssvæðisins, 15m suður af heimreið að Útnyrðingsstöðum er mótóft norðan svokallaðrar Skarðásmýrar. Tóftin er um 3m norður af NV enda mógrafar [3014-001].

Lýsing

Tóftin er 5m löng og 4m breið upphækkun með lágum veggjum. Veggir eru hæstir 20cm og 40cm breiðir. Engar dyr eru á tóftinni.



Mynd 3. Horft til NA yfir svæðið vestan Skarðása. Í forgrunni er beitarhúsatóft en í mótunum fjær má sjá stekkjartóft. Þarnað má einnig sjá götu sem liggur framhjá tóftunum.

Ketilsstaðir 3014-003

Sérheiti: Unastekkur?

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 50m norður af vestari enda svokallaðra Skarðása, 40m austan Stekkjartúns og 100m suður af vegi sem liggur að Útnyrðingsstöðum er tvískipt stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin liggur NNA-SSV. Hún er tvískipt um 12m á lengd og 4m á breidd. Veggir eru allt að 40cm á hæð og 60cm á breidd. Dyr hafa verið á nyrðra hólfinu til vesturs en ekki er hægt að greina að innangengt hafi verið á milli hólfa. Tóftin er algróin grasi og sé ekki í steina.



Mynd 4. Stekkjartóft [3014-003], mynd tekin í vestur.

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist hefðbundinni stekkjartóft en hún er nokkuð jarðsokkin og hrunin. Í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 3) segir: „Upp með Unalæk eru rústir af stekk sem var kallaður *Unastekkur*. Upp af honum eru Skarðsásar. Í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar (bls. 1-2) segir: „Neðan við Skarðása og utan við Unalæk er *Unastekkur* með tóttarbrotum.“ Þessi lýsing virðist eiga betur við tóft [3014-004] sem heimildamaður segir að menn hafi talið vera af beitarhúsum.

Ketilsstaðir 3014-004

Sérheiti: Unastekkur?

Hlutverk: Beitarhús, stekkur?

Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir


Um 20m austan Stekkjartúns og 20m vestan Skarðása er tvískipt tóft, líklega af beitarhúsum.

Lýsing

Tóftin stendur á þýfðri upphækkun sem er um 13m löng og 10m á breidd. Það bendir til að undir henni séu eldri tóftir. Hún er tvískipt, nyrðra hólfið er 3x6m að innanmáli og snýr NV-SA. Syðra hólfið er áfast og snýr eins við áttum, 2x4m að innanmáli. Það stendur eilítið hærra en nyrðra hólfið og þar gæti hafa verið sett upp hey. Veggir eru hæstir um 50cm en allt að 1m breiðir. Tóftin er algróin grasi og jarðsokkin og nokkuð erfitt að greina nákvæmlega vestur hluta nyrðri tóftarinnar, hún gæti því verið eitthvað lengri en uppmælingin gefur til kynna.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Sólmundur Oddsson, segir að menn hafi álitid þetta beitarhús en þau voru löngu aflögð þegar Unalækur var stofnaður. Tóftin gæti verið af beitarhúsum en þau eru þá



Mynd 5. Yfirlitsmynd af tóftum vestan Skarðása.



Mynd 6. Horft til vesturs yfir beitarhúsatóft [3014-004], Stekkjartún í baksýn.

nokkuð gömul þar sem veggir eru jarðsokknir og engin merki um garða. Tóftin gæti líka mögulega verið af stekk en í örnefnaskrá Eiríks Eiríkssonar (bls. 3) segir: „Upp með Unalæk eru rústir af stekk sem var kallaður *Unastekkur*. Upp af honum eru Skarðásar. Í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar (bls. 1-2) segir: „Neðan við Skarðása og utan við Unalæk er *Unastekkur* með tóttarbrotum.“ Þessar lýsingar virðast eiga betur við tóftina sem skráð var sem beitarhús en stekkjartóftina [3014-003] 50m NA hennar. Vera kann að þarna hafi verið tveir stekkir, notaðir á mismunandi tímum. Ekki er minnst á beitarhús í örnefnaskrá.

Ketilsstaðir 3014-005

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gata liggur í sveig frá NA-SV, á um 50m kafla norðan vestasta enda Skarðáss. Hún liggur fram hjá stekkjartóft [3014-003] og beitarhúsatóft [3014-004] til suðurs og sést þar glögg á um 200m löngum kafla. Þar hverfur hún í mýri og náttúrugróður. Hún hefur líklega legið til suðurs og mætt götum [3014-006] sem liggja til NA frá nyrðri hluta túns á Ketilsstöðum.

Ketilsstaðir 3014-006

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Götur liggja frá norðurenda túns á Ketilsstöðum til NA í átt að Útnyrðingsstöðum. Það má rekja göturnar slitrótt á um 1km löngum kafla en þær eru nú mjög horfnar í náttúrugróður, skógrækt, tún og mýrlendi. Göturnar sjást betur á loftmynd frá 1955.⁵

Samantekt

Við vettvangsskráningu deiliskipulagsreits í landi Unalækjar voru alls skráðar 6 fornleifar en þær hafa upphaflega tilheyrt heimajörðinni Ketilsstöðum. Þetta eru leifar af mógröf og mókofa í NA horni svæðisins, stekk og beitarhúsum (og/eða stekk) við vesturenda Skarðása. Einnig voru skráðar tvennar götur. Minjarnar teljast allar til fornleifa skv. laganna hljóðan.

Hættumat

Við fornleifaskráningu er metið hvort minjar séu í fyrirsjáanlegri hættu af völdum umhverfisaðstæðna eða framkvæmda. Vegna legu sinnar innan skipulagssvæðisins eru allar minjarnar metnar í hættu en með því að taka tillit til þeirra við skipulagsgerðina getur hættumatið breyst (sjá hættumat í hnitaskrá aftast í skýrslu).

- Mógröf [3014] og mókofi [3014] eru vel varðveitt en einungis lítill hluti grafarinnar liggur innan útmarka skipulagsins. Þessar minjar eru þegar á skipulagðri lóð og því líklega ekki í beinni hættu vegna áætlaðs skipulags. Trjám hefur þó verið plantað í og við tóftina.

⁵ Sjá MI-Kort-LI209-LI2-1727_1955.tif á heimasíðu Landmælinga Íslands, www.lmi.is

- Tvær tóftir [3014-003 og 004] eru við vesturenda Skarðása. Þær eru jarðsokknar en vel glöggar og mynda skemmtilega minjaheild með götunni [3014-005] sem liggur við þær. Við skipulag þarf að gera ráð fyrir þessum minjum þannig að ekki verði raskað við þeim. Mikilvægt er að miðað sé við útmörk þústarinnar undir beitarhúsunum [3014-004], ekki einvörðungu tóftirnar sem sjást á yfirborði.
- Tvennar götur voru skráðar innan svæðis. Gata við Skarðása er vel varðveitt á kafla við beitarhúsatóftina en suðurhluti hennar að mestu horfinn í gróður og mýri. Gata sem liggur frá Ketilsstöðum sést á köflum en er víða horfin vegna framkvæmda og í náttúrugróður og mýri.

Á svæðinu er fjöldi klapparása en milli þeirra mýrlendi og í suður hlutanum eru miklir framræsluskurðir og töluverður gróður. Við skráninguna var því einnig stuðst við loftmynd af svæðinu frá 1955. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Allar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Rannveig Þórhallsdóttir (2022). Fornleifaskráning vegna hitaveitulagna á Völlunum, Múlaþingi. Sagnabrunnur. https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2864.pdf

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Ketilsstaða. Stefán Einarsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Ketilsstaða. Eiríkur Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimasíða Landmælinga Íslands

<https://www.lmi.is>

Fylgiskjöl

N



Unalækur - heimatún

Skipulagssvæðið - yfirlitsmynd



Stekkjartún

3014-003

3014-002

3014-004

3014-005

3014-001

Skarðásar

3014-006

3014-006

3014-006

3014-006

Ketilsstaðir - heimatún

0

100

200

400 m

Deiliskipulag í landi Unalækjar - hnitaskrá

Minjar með hnitum											
Númer		Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3014-001	Ketilsstaðir		mógröf	niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	712083	531541
3014-002	Ketilsstaðir		mótóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	712085	531552
3014-003	Ketilsstaðir	Unastekkur	stekkur	tóft	1700	1920	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	711830	531580
3014-004	Ketilsstaðir		beitarhús, stekkur?	tóft	1700	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	711796	531537
3014-005	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	711804	531546
3014-005	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	711785	531510
3014-006	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	greinanleg	hætta	framkvæmdir	712095	531398
3014-006	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	greinanleg	hætta	framkvæmdir	712004	531288
3014-006	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	greinanleg	hætta	framkvæmdir	711899	531207
3014-006	Ketilsstaðir		leið	gata	1500	1950	greinanleg	hætta	framkvæmdir	711583	531050